

Jafnlaunastefna Svalbarðsstrandarhrepps

Svalbarðsstrandarhreppur leggur metnað sinn í að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að launamunur sé ekki til staðar. Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til allra starfsmanna Svalbarðsstrandarhrepps.

Markmið Svalbarðsstrandarhrepps er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem allir hafa jöfn tækifæri í starfi.

Samkomulag hefur verið gert við vottunaraðila um að gera árlega úttekt á jafnlaunastefnu og kerfi Svalbarðsstrandarhrepps. Geri vottunaraðili á einhverjum tímapunkti athugasemdir varðandi launasamsetningu einhverra starfa mun samsetning vera endurskoðuð í kjölfar ábendingar og lagfærð.


Svalbarðsstrandarhreppur skuldbindur sig til að skjalfesta, innleiða og heitir að viðhalsa og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfis í samræmi við kröfur ÍST 85:2012.

Svalbarðsstrandarhreppur hefur í þessu samhengi innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Svalbarðsstrandarhreppur skuldbindur sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni í hvívetna.

Á grunni nýs lagaramma er Svalbarðsstrandarhreppur skuldbundinn að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi byggt á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, það verði skjalfest og því viðhaldið.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólk.
- Bregðast við óútskýrðum launamun.
- Sinna stöðugum umbótum og eftirliti með jafnlaunkerfinu.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum Svalbarðsstrandarhrepps. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 23.12.2022


Pórunn Sif Harðardóttir, sveitarstjóri

